



Díana og Úlfar

Grágæsin „Diana“ sem merkt var í Bóndastaðabla á Úthéraði í júlilok 2014 hefur dvalið í Skotlandi í vetur eftir merkilegt ferðalag til vetrarstöðvanna með viðkomu á flestum eyjum á leiðinni. Sjá má ferilskráð ferðalagið á eftirfarandi vefslóð: <http://tracking.wwt.org.uk/maps/greylag.php>



Heiðagæsin „Úlfar“ sem merktur var við Hálslón 2013 lagði í ferðalag úr Austurlandshálendinu haustið 2014. Stofan hefur áður greint frá ferðalagi hans og steggsins „Harðar“ sem ekkert hefur spurst til eftir að hann kom úr fjaðrafelli frá austurströnd Grænlands og dvaldi um hríð á Vestfjörðum og síðast fréttist af í norðanverðum Birtufirði á Ströndum. Á vefslóðinni <http://telemetry.wikispaces.com/pinkfeet> má sjá ferðir Úlfars.



Bæði Díana og Úlfar eru nú stödd norðarlega í Skotlandi rétt hjá hvor annarri og virðist vera komin vorhreyfing á heiðagæsina, en grágæsin er búin að vera hænd að vetursetusvæði sínu í allan vetur. Ef rafhlöðurnar endast þá mun okkur gefast tækifæri á að fylgjast með komu þeirra til landsins í vor og eiga vefslóðir þeirra að uppfærast jafnóðum.

Meðfylgjandi eru myndir af grágæsapari taka sig til flugs í snjó og af heiðagæs á varpslóð (ljósmyndir S.G.P).

